

1861.

12. septbr. **63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu á Íslandi, um kornlán.**

Samkvæmt uppástungu yðar, herra amtmaður, í bréfi 5. f. m., fellst dómsmálastjórnin á, að lána megi Árnes- og Kaldrananes hreppum í Stranda sýslu, ef á þarf að halda, hær um bil 50 tunnur af korni því, sem sent var til Snæfellsnes sýslu að tilhlutun stjórnarráðsins, upp á skilmála þá, sem ákveðnir eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu í dag, um lán á korni þessu.

12. septbr. **64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistilðindanna.**

Eftir tilhlutun síðasta alþingis hefir forseti þingsins, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirréttinn, sótt um í skjali, er hann sendi beina leið til dómsmálastjórnarinnar, að hin danska þýðing þingbókarinnar þessa alþingis, sem lögskipuð er í niðurlagi 43. greinar í alþingistilskipuninni 8. marzm. 1843, megi ógjörð látin að þessu sinni.

Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, í von um samþykki konungs, leyfir að í þetta skipti megi sleppa því, að senda hingað hina lögboðnu dönsku þýðing þingbókarinnar, þó með því skilyrði, að það fæ, sem gengur til að fá þingbókina útlagða hér í bænum, verði talið með öðrum alþingiskostnaði, og jafnað niður ásamt honum, svo framarlega sem tilraunir þær, er gjörðar kunna verða til að fá fæ þetta greitt úr ríkissjóði, án þess það aptur sé endurgoldið, ekki hafa þann árangur, sem til er ætlað.

Annars eruð þér beðnir að kunngjöra Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni, að eftir 44. grein alþingistilskipunarinnar hefði hann átt að fá konungsfulltrúa skjal sitt, og hann að senda það stjórninni, en hann hefði ekki átt að senda það sjálfur beina leið til stjórnarinnar, eins og hann nú hefir gjört.